



Norðfjarðará, brúargerð vegna væntanlegra Norðfjarðarganga. Ljósmynd: Guðmundur Þorsteinn Bergsson, Verkís, 8. ágúst 2013.

Framkvæmdir við Álftanesveg

Áður birt á vegagerdin.is 20.08.2013

Verktaki hefur hafið framkvæmdir við nýjan Álftanesveg sem liggur meðal annars um Garðahraun. Mat á umhverfisáhrifum hefur farið fram og framkvæmdaleyfi veitt.

Nýr Álftanesvegur hefur lengi verið í undirbúningi og var hafist handa að hluta til árið 2009 en stærri hluta verksins frestað vegna efnahagsástandsins. Nú er komið að því að ljúka verkefninu.

Verkið var boðið út 2012, tilboð voru opnuð 18. september, tilboð samþykkt 25. mars 2013 og skrifað undir samning þann 5. júlí síðastliðinn.

Ástæða þess að þetta langur tími leið á milli opunar og samþykktar tilboðs var fyrst og fremst að útboðið var kært sem leiddi til þess að ekki var samið við lægstbjóðanda. Þá var einnig beðið niðurstöðu úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála um framkvæmdaleyfi sem tafði undirskrift. Vegagerðin tilkynnti að þessu loknu verktakafyrirtækinu ÍAV hf. að gengið yrði til samninga um framkvæmdina en fyrirtækið var með næstlægsta boðið í verkið. Innanríkisráðherra óskaði eftir því í apríl að Vegagerðin og Garðabær færu aftur yfir

framkvæmdina og var það gert en það leiddi ekki til breyttrar afstöðu.

Þetta tafði verkið en áður hafði mat á umhverfisáhrifum verið kært á þeirri forsendu að það væri fallið úr gildi. Framkvæmdaleyfi var einnig kært. Skipulagsstofnun hefur ítrekað farið yfir umhverfismatið og ætíð komist að þeirri niðurstöðu að það sé í gildi og ekki ástæða fyrir stofnunina að taka það upp aftur. Sama gildir um framkvæmdaleyfið. Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála úrskurðaði um framkvæmdaleyfið árið 2009 og hafnaði þá ógildingu þess. Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála vísaði síðan frá kæru vegna framkvæmdaleyfis í mars 2013.

Þannig hefur ítrekað verið látið reyna á gildi bæði mats á umhverfisáhrifum og framkvæmdaleyfis en niðurstaðan ætíð orðið sú að ekkert væri því til fyrirstöðu að hefja framkvæmdir.

Kæra fyrir dómstólum á hendur vegamálastjóra breytir því ekki. Þar sem á gildi mats á umhverfisáhrifum og framkvæmdaleyfis hefur margsinnis reynt og niðurstaða til þess

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 17. tbl. 21. árg. nr. 614 2. sept 2013

Ritsjórn
og umsjón útgáfu:
**Viktor Arnar
Ingólfsson**
Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: Oddi

Ösk um áskrift sendist til:
Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík
eða með tölvupósti til:
vai@vegagerdin.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðs-
framkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt,
útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og
samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttæfni sem
verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka.
Útgáfa er óregluleg og nokkrar vikur geta liðið milli tölublaða.
Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur, fjölmiðlar og
áhugafólk. Áskrift er endurgjaldslaus.

► bærra stjórnvalda liggur fyrir er ólíklegt að dómstólar komist að annarri niðurstöðu. Dómsmál tekur langan tíma og ef farið væri að kröfunni um að fresta framkvæmdum vegna dómsmálsins væri komin upp sú staða að hægt væri að kæra fyrir dómstólum hvaða framkvæmd sem er og þannig stöðva allar framkvæmir væri til þess vilji einhverra.

Þegar tilboð hafa verið opnuð er komin skuldbinding af hálfu verkkaupa að ganga að lágsta tilboði sem stenst kröfur. Þannig að þótt ekki hefði verið skrifað undir samning um verkframkvæmd er Vegagerðin bundin af því að taka lágsta gildandi tilboði hverju sinni. Þannig getur Vegagerðin ekki hætt við útboð eða frestað framkvæmdum þegar búið er að opna tilboðin nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi. Nýlegur dómur Hæstaréttar kveður á um skaðabótaskyldu ef hætt er við útboð jafnvel þótt tilboði hafi ekki verið tekið. Því telur Vegagerðin augljóst að verði frekari frestanir eða hætt við framkvæmdina skapist skaðabótaskylda. ■

Auglýsingar útboða

Vetrarþjónusta, Snæfellsnesvegur um Fróðárheiði og Útnesvegur 2013-2016 13-065

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í vetrarþjónustu árin 2013-2016 á eftirtöldum leiðum:

Snæfellsnesvegur (54)

Útnesvegur um Fróðárheiði - Útnesvegur (syðri endi) 14 km.

Snæfellsnesvegur (54)

Útnesvegur – Staðarstaður 20 km.

Útnesvegur (574)

Snæfellsnesvegur - áningastaður vestan Laugarvatns 20 km.

Arnarstapavegur (5710)

Útnesvegur - Arnarstapi 1,4 km.

Útnesvegur (574)

Snæfellsnesvegur um Ólafsvík - Hellissandur 14,5 km.

Helstu magnþölur á ári eru:


Mokstur vörubíla um Fróðárheiði er 8.600 km og mokstur láglendisleiða 3.000 km.

Biðtímar vélamanns er 20 tímar.

Verkinu skal að fullu lokið 30. apríl 2016.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgarbraut 66 í Borgarnesi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 2. september 2013. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 17. september 2013 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.



Vetrarþjónusta, Snæfellsnesvegur um Fróðárheiði og Útnesvegur 2013-2016

- sjá auglýsingu



Vadlaheiðargöng, staða framkvæmda 26. ágúst 2013, Búið er að sprengja 423 m frá Eyjafirði sem er 5,9% af heildarlengd.

Heildarlengd ganga 7.170 m. Sjá: www.vadlaheidi.is



Vestfjarðavegur (60) í Kjálkafirði. Brúar- og vegagerð. Verkstaki: Suðurverk hf. Ljósmynd: Mats Wibe Lund 5. ágúst 2013.

Umferðamerkjahornið

Í viðbót við reglugerð um umferðamerki og notkun þeirra (nr. 289/1995) sem var kynnt í stjórnartíðindum fyrr í sumar (nr. 595/2013) voru tekin inn ný undirmerki sem vísa á bann, aðvörun eða leiðbeiningu á aðliggjandi vegi. Þetta ber að nota þar sem svo stutt er til staðar sem merking á við að ekki er hægt að merkja með eðlilegum fyrirvara á veginum sem ekið er inná.

Til þessa hafa verið notuð „bráðabirgðamerki“ (svart tákni á appelsínugulum grunni), sjá ljósmynd, við slíkar aðstæður. Það getur verið misvísandi því í mörgum tilfellum er merkingin varanleg.

Allmargar viðbætur við reglugerð nr. 289/1995 hafa



J01.71



J01.72

Stefna
sem bann,
aðvörun eða
leiðbeining
á við

verið auglýstar á undanförunum árum og getur verið snúið að henda reiður á þeim öllum. Heildaryfirlit yfir umferðamerki í notkun má finna á www.vegagerdin.is undir „Vegakerfið“ og „Umferðamerki“.

Niðurstöður útboða

Endurbygging Fljótsdalsvegur (933),

Hrafnkelsstaðir - Upphéraðsvegur 13-061

Tilboð opnuð 13. ágúst 2013. Endurbygging Fljótsdalsvegur milli Hrafnkelsstaða og Upphéraðsvegur, alls um 3,24 km.

Helstu magnbólur eru:

Skering	4.800 m ³
- þar af bergskering	200 m ³
Fláafleygar	2.100 m ³
Fylling	1.400 m ³
Ræsi	85 m
Neðra burðarlag	5.000 m ³
Frágangur fláa, jöfnun svæða	24.500 m ²
Rofvarnir	200 m ³

Skila skal um 1,1 km af vegi með jöfnuðu neðra burðarlagi, fyllingum, skeringum, grófjöfnuðum fláum, öllum ræsum og rofvörnum eigi síðar en 15. nóvember 2013 og öllu verkinu fyrir 18. júlí 2014.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
2 SG vélar ehf., Djúpavogi	30.753.976	171,1	12.391
1 Ylur ehf., Egilsstöðum	18.363.224	102,2	0
--- Áætlaður verktakakostnaður	17.970.000	100,0	-393

Vetrarþjónusta, Djúpvegur, Reykjanes

- Hnífsdalur 2013-2016 13-063

Tilboð opnuð 20. ágúst 2013. Vetrarþjónusta árin 2013-2016 á eftirtöldum leiðum:

Djúpvegur (61) frá Reykjanesi að gangamunna í Hnífsdal ásamt Hafnarvegi á Ísafirði (636), 143 km.

Helstu magnbólur á ári eru:

Meðalakstur vörubíla sl. 3 ár 29.611 km
Meðalfjöldi biðtíma vélamanns 20 tímar
Verkinu skal að fullu lokið 30. apríl 2016.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
3 Potan ehf., Bolungarvík	26.357.680	118,1	2.744
2 Kubbur ehf., Ísafirði	26.146.513	117,1	2.532
1 Jón Reynir Sigurðsson, Þingeyri	23.614.079	105,8	0
--- Áætlaður verktakakostnaður	22.326.250	100,0	-1.288

Pverárfjallsvegur (744)

um Sauðárkrók 013-062

Tilboð opnuð 20. ágúst 2013. Færsla á Pverárfjallsvegi (744) á um 400 m löngum kafla þar sem hann liggur um Sauðárkrók. Einnig er um að ræða endurgerð á nyrsta hluta Aðalgötu og gerð gönguleiða.

Helstu magnbólur eru:

Rif malbiks og klæðinga	4.180 m ²
Skering í laust efni	2.300 m ³
Regnvatnslagnir	455 m
Niðurföll	24 stk.
Neðra burðarlag	2.210 m ³
Efra burðarlag	670 m ³
Malbik	4.955 m ²
Gangstéttar með hellum	250 m ²
Kantsteinn	1.065 m
Eyjar með steinlögðu yfirborði	43 m ²

Malbikun akbrauta skal vera lokið fyrir 1. október 2013. Verkinu í heild skal lokið eigi síðar en 15. nóvember 2013.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
2 G. Hjálmarsson hf., Akureyri	56.841.400	102,4	2.914
--- Áætlaður verktakakostnaður	55.520.000	100,0	1.592
1 Norðurtak ehf., Sauðárkróki	53.927.750	97,1	0

Þá . . .



. . . og nú



Djórásardalsvegur (32) við Gaukshöfða árin 1957 og 2013. Nýr vegur var byggðir 1997. Þjórsá hefur verið beint frá hlíðinni. Núverandi vegur liggur framan við höfðann en gamli vegurinn er enn hafður opinn fyrir umferð ferðafólks, enda útsýni mjög gott úr höfðanum.

Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaáæildar. Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
13-069 Sjóvarnir Vogar 2013	2013
13-068 Sjóvarnir Grindavík 2013	2013
13-067 Sjóvarnir Vestmannaeyjar 2013	2013
13-066 Sjóvarnir Húnaþing 2013	2013
13-064 Sjóvarnir Ísafjarðarbær 2013	2013
13-015 Efnisvinnsla á Norðursvæði	2013
13-007 Svínadalsvegur (502), Leirársveitarvegur - Eyri	2013
12-056 Dettifossvegur (862), Dettifoss - Norðausturvegur	2013
Auglýst útboð	Auglýst: Opnað:
13-065 Vetrarþjónusta, Snæfellsnesvegur um Fróðarheiði og Útnesvegur	02.09.13 17.09.13
Útboð á samningaborði	Auglýst: Opnað:
13-063 Vetrarþjónusta, Djúpvegur, Reykjanes - Hnífsdalur 2013-2016	06.08.13 20.08.13
13-062 Þverárfjallsvegur (744), um Sauðárkrók	06.08.13 20.08.13
13-061 Endurbýgging Fljótsdalsvegur (933), Hrafnkelsstaðir - Upphéraðsvegur	22.07.13 13.08.13
13-060 Víravegríð á Reykjanesbraut 2013	01.07.13 16.07.13
13-056 Vetrarþjónusta, Norðfjarðarvegur um Fagradal 2013-2016	01.07.13 16.07.13
13-057 Vetrarþjónusta, Norðfjarðarvegur um Oddsskarð 2013-2016	01.07.13 16.07.13
13-058 Vetrarþjónusta, Breiðdalsvík - Djúpvogur 2013-2016	01.07.13 16.07.13
13-059 Vetrarþjónusta, Höfn - Freysnes 2013-2016	01.07.13 16.07.13

Útboð á samningaborði, framhald	Auglýst:	Opnað:	
13-052 Vetrarþjónusta á Fljótsdalshéraði 2013-2016	01.07.13	16.07.13	
13-051 Vetrarþjónusta á Vopnafirði 2013-2016	01.07.13	16.07.13	
13-053 Vetrarþjónusta, Suðurfjarðavegur og Breiðdalur 2013-2016	01.07.13	16.07.13	
13-054 Vetrarþjónusta, Hornafjörður - Djúpvogur 2013-2016	01.07.13	16.07.13	
13-047 Vetrarþjónusta í Dalasýslu 2013-2016	01.07.13	16.07.13	
12-051 Hringvegur (1) um Hellisheiði	27.05.13	25.06.13	
13-048 Vetrarþjónusta, Bíldudalur - Brjánslækur 2013-2016	03.06.13	19.06.13	
13-049 Vetrarþjónusta á Djúpvegi (61), Vestfjarðavegur í Reykhólasveit -Reykjanes 2013-2016	03.06.13	19.06.13	
13-034 Vetrarþjónusta, Sauðárkrókur -Blönduós-Sauðárkrókur 2013-2016	21.05.13	04.06.13	
13-037 Vetrarþjónusta, Sauðárkrókur -Siglufjörður 2013-2016	21.05.13	04.06.13	
Samningum lokið	Opnað:	Samið:	
13-033 Vetrarþjónusta í Húnavatnssýslum 2013-2016 Guðmundur Vilhelmsson, kt. 010355-5919	04.06.13	14.08.13	
13-030 Festun og yfirlögn á Vestfjörðum, 2013 Borgarverk ehf., kt. 540674-0279	16.07.13	07.08.13	
13-046 Vetrarþjónusta, Vatnaleið - Stykkishólmsvegur - Snæfellsnesvegur 2013-2016 Gussi ehf., kt. 510408-2090	09.07.13	13.08.13	
13-045 Vetrarþjónusta, Ólafsvík - Vatnaleið 2013-2016 Gussi ehf., kt. 510408-2090	09.07.13	13.08.13	



Krýsuvíkurvegur 25. júlí 2013. Endurbættur var 2,2 km kaflí af malarvegi frá Fremra- Nýjalandi að Syðristapa. Nokkur ræsi voru endurnýjuð og síðan var lagt bundið slitlag á kaflann. Ljósmynd: Hilmar Finnsson.